

Yfirskrift:	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana		
Stjórnarfundur	Dagsetning:	2. sept. 2024	Tími: 12:00 – 13:30
Fundarstaður:	Guðrúnartún 1 og Teams		
Fundarstjóri:	HP		
Ritari:	AS		
Á fundinn mættu:	Arnór Snæbjörnsson (AS), Ágúst Hjörtur Ingþórsson (ÁHI), Helga Þórisdóttir (HP), Hildur Ragnars (HR), Ingibjörg Jóhannsdóttir (IJ), Magnús Ingvason (MI), Sigríður Kristinsdóttir (SK) og Anna Hermannsdóttir (AH), framkvæmdastjóri félagsins		
Fjarverandi::			

Fundargerð stjórnarfundar FFR 2. september 2024

1. Fundargerð stjórnarfundar 14. júní 2024

Fundargerð stjórnarfundar 14. júní síðastliðinn var samþykkt.

2. Áherslumál 2024-2025

Umræður. Áherslumál starfsársins voru samþykkt. Taka þau sem fyrr mið af tilgangi félagsins samkvæmt lögum þess og skiptast í eftirfarandi þrjá flokka: Félags- og fræðslustarf, starfsumhverfis- og kjaramál og stuðning við félagsmenn.

3. Félagsstarfið

Framhald umræðu frá síðasta fundi.

- Í farvatninu er heimsókn félagsmanna í Árnastofnun.
- Ákveðið að bjóða félagsmönnum upp á fræðslufyrirlestur á Teams frá Mental ráðgjöf ehf. um samskipti og vellíðan á vinnustað.
- Áfram er stefnt að því að halda morgunverðarfund í samstarfi við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála í HÍ. Umræður um möguleg umræðuefni.
- Framkvæmdahópur stjórnvalda um óstaðbundin störf hefur óskað eftir að funda með forstöðumönnum um verkefnið.

4. Samanburður á laga- og starfsumhverfi forstöðumanna

Vinna sérfræðings við verkefnið hefur dregist verulega umfram það sem vænta mátti. Ákveðið að leita á önnur mið og finna nýjan aðila til að taka það að sér.

5. Önnur mál

Nokkur umræða spannst um öryggismál stofnana og forstöðumanna og þörf á skýrari umgjörð um það hvernig taka eigi á slíkum málum.